

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2019.

Efni: Drög að frumvarpi til laga um leigubifreiðaakstur

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til draga að frumvarpi um leigubifreiðaakstur, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 17. maí síðastliðinn.

FA fagnar þeim markmiðum frumvarpsdraganna að færa gildandi regluverk á Íslandi til samræmis við EES-samninginn og efla samkeppni á markaðnum með afnámi stöðvar skyldu leigubifreiðarstjóra og takmörkunum á fjölda atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs.

Félagið hefur áður bent á að engin rök standa til þess að viðhafa slíkar aðgangstakmarkanir í einni atvinnugrein umfram aðrar. Þær takmarkanir þjóna þeim tilgangi einum að verja sérhagsmuni þróings hóps, á kostnað mögulegra keppinauta, neytenda og samfélagsins í heild.

FA hefur jafnframt vakið athygli á því að framboð á leigubifreiðum hefur klárlega ekki fylgt eftirspurn; þannig hefur fjöldi leigubíla leyfa nánast staðið í stað undanfarinn áratug á sama tíma og ferðamönnum sem koma til landsins fjölgaði úr tæplega hálfri milljón í 2,3 milljónir. Skilvirk og greið þjónusta leigubifreiða er augljóslega bæði hagsmunamál þeirra sem hafa fasta búsetu í landinu og eitt skilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært og eftirsótt sem ferðamannaland.

FA styður því eindregið þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að afnámi stöðvar skyldu og fjöldatakmarkana, auk undanþágu frá því skilyrði að leigubifreið hafi gjaldmæli, ef samið er um verð fyrirfram, en slíkt er skilyrði fyrir því að þjónusta farveitna á borð við Uber eða Lyft fái þrífizt hér á landi.

Hins vegar telur félagið að skilyrði fyrir leyfisveitingum til aksturs og rekstrar leigubifreiða séu of þröng samkvæmt frumvarpsdrögum. Of stíf og flókin skilyrði leyfisveitinga eru ekki síður aðgangshindrun á markaði en stöðvar skylda og fjöldatakmarkanir og skapa hættu á að frumvarpið nái alls ekki markmiðum sínum, verði það að lögum. FA hvetur ráðuneytið því til að endurskoða þau skilyrði sem sett eru í II. kafla draganna áður en lagt verður fram frumvarp á Alþingi og gæta að því að þau séu ekki meira íþyngjandi en gerist í nágrennalöndum Íslands, þar sem farveitur hafa náð fótfestu á markaði í samkeppni við hefðbundnar leigubílastöðvar.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna málsins.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri FA